Einskonar gúmmítöffari

Portrettið



Þorsteinn Gunnar Aðalsteinsson, hugsuður, hönnuður og þúsundþjalasmiður, um myndina af sjálfum sér:

„Þetta er augljóslega töffari en það er líka mikil mýkt í svipnum, augunum og brosinu, þannig að ég hallast að því að hann sé einhvers konar gúmmítöffari. Það er töffaraskapurinn og mýktin. Svo tek ég eftir atriðum eins og að hann hneppir upp í háls. Ég heyrði einhvers staðar að það táknaði að vera heimakær — þessi maður er heimakær. Þetta bros jaðrar við að vera lymskulegt en þó hallast ég að því að það búi ekki mikið fals í þessum manni. Hann lætur ekki segja sér fyrir verkum né fer hann troðnar slóðir — normið er ekki fyrir hann. Þá má greina draumóra í augunum og á þessari mynd eru þeir allverulega ýktir — við erum jú með tvö sett af augum. Myndin undirstrikar það og reyndar líka að þessi maður á sér fleiri en eina hlið. Það er ekki gott að segja hvað hann gerir dagsdaglega. Ég myndi skjóta á eitthvað sem tengist listum. Þá ályktun dreg ég af þessum skeggfíling og síðu hárinu. En svo gæti hann líka verið venjulegur prestur í Þjóðkirkjunni og er síða hárið þá til marks um að hann fylgir sjaldan reglum sem aðrir setja. Ef ég væri spurður um hvað hann heitir þá held ég að það sé annaðhvort venjulegt nafn og látlaust eða algjör andstæða; óvenjulegt og sjaldgæft — enginn millivegur: Ég myndi skjóta á Jón eða Konstantínus. Þær eru svolítið ruglandi þessar tvær hliðar: Jón gæti verið sóló og skimandi (augnaráðið vísar til allra átta) en Konstantínus gæti allt eins verið ástfanginn upp fyrir haus. Í heildina sýnist mér hann vera hamingjusamur. Hann hefur margvísleg áhugamál, ég hugsa að hann sé andlega sinnaður. Svo virkar hann tiltölulega heilbrigður — er hann ekki bara í sportinu? En í kringum augað lengst til hægri er mynstur sem nær niður á kinn og þar má greina sukklínur, ákveðna reynslu eða lifun, hann hefur greinilega tekið sínar rispur. Hann kann að segja nei en hefur sennilega farið spart með það. Þessi maður er seinþreyttur til vandræða og það þarf mikið að ganga á áður en hann fer að skalla einhvern svo dæmi séu tekin. Honum fer vel að vera með þetta skegg, þó er ég ekki frá því að hann ætti frekar að skella sér í kragann. Ég get ekki vikist undan því að játa að ég þekki Jón/Konstantínus og fíla hann vel. Hann er stórgallaður en hefur óneitanlega sína kosti."

Meðal blárra blóma

HULDA HÁKON
KJARVALSSTÖÐUM

Í stuttu máli: Hlýjar og barnslegar myndir sem rísa ekki undir þeim væntingum sem gerðar eru til Huldu.



MYNDLIST
GUNNAR ÁRNASON



Huldu Hákon hefur vegnað vel á listabrautinni á undanförnum árum, hlotið athygli, umtal og aðdáun. Það kom mér því nokkuð á óvart þegar ég skoðaði lista yfir sýningar hennar hvað hún hefur sýnt tiltölulega sjaldan hér á landi, miðað við það sem maður gæti haldið að óathuguðu máli. Síðasta einkasýning hennar var í Gallerí einn einn 1991, ef undan er skilin sýning á Mokka árið eftir. En aftur á móti hefur verið í nógu að snúast hjá henni á erlendri grund, á Norðurlöndum og undanfarið í Þýskalandi, nú síðast í Berlín. Það er því nokkur eftirvænting samfara sýningu hennar nú á Kjarvalsstöðum eftir þá velgengni sem á undan hefur farið.

Þeir sem hafa fylgst með listalífinu síðastliðin ár kannast áreiðanlega við verk Huldu, þau eru auðþekkjanleg og skera sig úr íslenskri myndlist. Einkennandi fyrir lágmyndir hennar, sem eru máláðar og festar á vegg, eru borgaralega klæddar fígúrur, karlar og konur, sem standa oftast teinréttar eins og gínur í liðskönnun. Inni á myndunum hafa yfirleitt verið áletranir, undarlega út í hött fullyrðingar eða klisjukenndir frasar, sem eru ýmist í engu eða allt of miklu samhengi við myndina.

Hulda stóð frammi fyrir tveimur kostum þegar sýning á Kjarvalsstöðum stóð til boða. Að halda sig við myndir af sama tagi og hafa áður fengið góðar viðtökur, eða taka þá áhættu að leita inn á nýjar brautir. Hún valdi erfiðari kostinn og það út af fyrir sig er virðingarvert. Myndir hennar á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru um margt frábrugðnar því sem vænta mátti frá henni. Fígúrurnar eru á bak og burt og setningarnar hafa losnað frá myndinni og eru nú eins og skuggar á veggjum milli mynda. Lágmyndirnar höfðu verið sambland af málverki og skúlptúr, en nú hefur hún aðgreint þetta tvennt með frístandandi skúlptúrum á gólfi og málverkum á vegg. Í staðinn fyrir fígúrur eru komin blá blóm og rauður eldur. Stórar blámálaðar blómkrónur, steyptar í steypu, liggja á gólfinu, ásamt knippum af eldtungum sem minna á appelsínugulan kaktus eða undarlegt kóralrifskvikindi. Málverkin eru sem fínlegt mósaík þakið af jafnstórum en mismunandi dimmbláum blómakrónum eða mismunandi rauðum og gulum eldtungum, sem hlykkjast um flötinn líkt og akur í björtu báli.

Þessar nýju myndir Huldu eru bjartari, hlýlegri og barnslegri en hinar dökku og stundum nöpru sýnir úr brúðuleikhúsi fáránleikans, en valda samt vissum vonbrigðum. Það var meira spunnið í frásagnarkenndar sitúasjónirnar, með vandræðalegum sögupersónum sem reyna að halda teinréttri reisn sinni. Lúmskur húmorinn sem spilar á klisjur og merkingarleysi er ekki lengur til staðar. Setningarnar eru dottnar úr samhengi við myndirnar, eins og frístandandi athugasemdir sem líða mótþróalaust út í loftið. Og uppsetning sýningarinnar er frekar gisin og teygð. Ein athugasemdin hljóðar: „Hið dásamlega, ýkjukennda, ólíklega, ósiðlega." Myndir Huldu Hákon á þessari sýningu eru hvorki ýkjukenndar, ólíklegar né ósiðlegar, en hvort þær eru dásamlegar verður hver að svara fyrir sig.

„Myndir Huldu Hákon á þessari sýningu eru hvorki ýkjukenndar, ólíklegar né ósiðlegar, en hvort þær eru dásamlegar verður hver að svara fyrir sig."